SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

LITLI TÓNSPROTINN

# ÆVINTÝRATÓNLEIKAR ÆVARS



10. FEBRÚAR

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. FEBRÚAR 2018 – KL. 14 & 16

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
**Bernharður Wilkinson** *hljómsveitarstjóri*
**Ævar Þór Benediktsson** *kynnir*
**Svart Design** *hreyfimyndir*

## DAGSKRÁ

Lalo Schifrin
**Mission Impossible, titillag**

Sigurður Helgi Oddsson
**Þín eigin þjóðsaga**
*úts. Hrafnkell Orri Egilsson*

Badelt & Zimmer
**Úr Sjóræningjum Karíbahafsins**

John Williams
**Lag Hedgwigs úr Harry Potter**

Howard Shore
**Úr Hringadróttinssögu**

Elmer Bernstein
**Flóttinn mikli, göngulag**

Danny Elfman
**Batman, titillag**

Ray Parker
**Draugabanar, titillag**
*úts. Hrafnkell Orri Egilsson*

## UM TÓNLEIKANA




Ævar Þór vísindamaður, leikari og rithöfundur sló eftirminnilega í gegn á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir tveimur árum. Nú er hann mættur aftur með spennuþrungin ævintýri í farteskinu.
Ævar og Sinfóníuhljómsveitin fara um víðan völl og með forvitnina að vopni kynnir hann fyrir hlustendum ævintýralegustu tónverkin sem hann þekkir. Þess á milli á milli segir Ævar nokkur af uppáhalds ævintýrunum sínum.

Tónleikarnir kl. 16:00 eru túlkaðir á táknmáli en 10. febrúar er tileinkaður íslenska táknmálinu. Táknmálstúlkur er Eyrún Helga Aradóttir.

# Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM

**Lau. 12. maí kl. 14:00**
**Drekinn innra með mér**

Drekinn innra með mér er óður um vináttu lítillar stúlku og dreka. Drekinn býr innra með stúlkunni, kennir henni að þekkja tilfinningar sínar og hvernig hún getur brugðist við þeim. Í þessu nýja og einstaka verki er hljómsveitin í hlutverki drekans en Halldóra Geirharðsdóttir er sögumaður og fer með hlutverk stúlkunnar. Drekinn fær sérstakt stef sem birtist í ýmsum myndum og hríslast um hljómsveitina allt eftir því í hvernig skapi hann er.

Drekasmiðja verður í Hörpuhorni á undan og eftir tónleikunum þar sem höfundar verksins Elín Gunnlaugsdóttir, Laila M. Arnþórsdóttir og Svafa B. Einarsdóttir taka vel á móti gestum. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.



© Svafa Björg Einarsdóttir

**Drekasöngur**

Drekinn sem er
og aldrei fer,
drekinn í mér,
drekinn í þér,
drekinn sem er
í öllum hér.

*Þórarinn Eldjárn*


**Aðalstyrktaraðili :**

GAMMA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavíkurborg


**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50

**@icelandsymphony / #sinfó**